

## REGLUGERÐ

### um (5.) breytingu á reglugerð nr. 503/2005 um merkingu matvæla.

1. gr.

*Innleiðing.*

Ákvæði sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í XII. kafla II. viðauka skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 70/2011, frá 2. júlí 2011, öðlast eftirfarandi EB-gerð gildi hér á landi:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1266/2010 um breytingu á tilskipun 2007/68/EB að því er varðar kröfur um merkingar á vínunum.

2. gr.

*Birting.*

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar skv. 1. gr. er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 55, frá 7. október 2011, bls. 279.

3. gr.

*Eftirlit.*

Matvælastofnun og heilbrigðisnefndir sveitarfélaga undir yfirumsjón Matvælastofnunar fara með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar vegna matvælaeftirlits sé framfylgt í samræmi við 6. og 22. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli.

4. gr.

*Þvingunarúrræði og viðurlög.*

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt 30. gr., 30. gr. a – 30. gr. e og 31. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli.

5. gr.

*Lagastoð.*

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 31. gr. a laga nr. 93/1995 um matvæli.

6. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerðin tekur þegar gildi.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 21. september 2011.*

**Jón Bjarnason.**

*Baldur P. Erlingsson.*